



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 5. mars 2011.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um faglega úttekt á réttargeðdeildinni að Sogni í Ölfusi, 319. mál, þingmannatillaga.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um faglega úttekt á réttargeðdeildinni að Sogni í Ölfusi, 319. mál á 140. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 15. febrúar sl.

Í tillöguni er lagt til að Alþingi álykti að fram fari fagleg úttekt á rekstri og reynslu af starfrækslu réttargeðdeildarinnar að Sogni í Ölfusi og að metnir verði kostir og gallar þess að flytja starfsemina frá Sogni á Kleppssíptala út frá faglegum rökum. Tillagan gerir ráð fyrir að flutningi stofnunarinnar frá Sogni á Kleppsspítala verði frestað þar til niðurstaða úttektarinnar liggja fyrir. Starfshópur á að framkvæma úttektina. Lagt er til að í hópnum eigi sæti fulltrúar Gelverndar, sem tilnefni fulltrúa úr hópi gæslufólks á Sogni, Geðlæknafélags Íslands, Læknafélags Íslands og Félags ísl. hjúkrunarræðinga.

Réttargeðdeildin var flutt á Kleppsspítala hinn 1. mars sl. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki betur séð en að forsendur séu brostnar fyrir tillögu þeirri, sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Þorbjörn Jónsson,  
formaður.